

Verkefni: Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar: 27.10.2005
Tímasetning fundar: 19:30 – 21:20
Fundarstaður: Café Milanó, Reykjavík

Stjórnarmenn / Fundarmenn:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Fríða Albertsdóttir (FA)	Gjaldkeri	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Fundargerð aðalfundar

Farið var yfir fundargerð frá síðasta aðalfundi og hún samþykkt. Fundargerðin hefur verið sett inn á vefsetur Gígjunnar.

2. Breytingar í stjórn

Margrét Rósa Grímsdóttir er tekin við formennsku í Kvennakór Reykjavíkur og óskaði í framhaldi eftir því að losna úr stjórn Gígjunnar. Margrét Rósa lagði það til að Fríða Albertsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur) tæki hennar sæti sem gjaldkeri. Það var samþykkt og hefur Margrét afhent Fríðu bókhald Gígjunnar og gefið henni allar upplýsingar um stöðu mála. Fríða var boðin velkomin í stjórn Gígjunnar.

3. Fjölís

Ákveðið að birta kynningu á Fjölís á vefsetri Gígjunnar. ÁHB mun hafa samband við Elínu Helgadóttur fulltrúa Fjölís og óska eftir kynningarefni frá henni í framhaldi af því mun ÁHB skrifa frétt og leiðbeiningar til aðildarkóra um málið sem verður sett á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

4. Setja upplýsingar um öll landsmót á vefsetrið

Ákveðið var að safna upplýsingum um þau landsmót sem haldin hafa verið og koma þeim upplýsingum inn á vefsetur Gígjunnar. Ákveðið var að stjórnarmenn hafi samband við þá kóra sem haldið hafa mót og óski eftir upplýsingum frá þeim. Skiptingin er eftirfarandi;

Nr.	Ár	Staðsetning	Mótshaldari	Tengiliður
1	'92	Félagsh.Ýdalir Ýdölum	Kvennakórinn Lissý	HG
2	'95	Reykjavík	Kvennakór Reykjavíkur	FA
3	'97	Reykholt Borgarfirði	Freyjukórinn	ÁHB
4	'99	Siglufjörður	Kvennakór Siglufjarðar	FA
5	'02	Reykjanesbær	Kvennakór Suðurnesja	EG
6	'05	Hafnafjörður	Kvennakór Hafnafjarðar	SÓ
7	'08	Hornafjörður	Kvennakór Hornafjarðar	

HG mun setja saman lista yfir þau atriði sem þurfa að koma fram og senda þá

á stjórnarmeðlimi. Einnig var ákveðið að setja "tékklista" inn á vefsetrið vegna undirbúnings landsmóta í framtíðinni. SÓ mun gera drög að slíkum tékklista. Málið er í vinnslu.

5. SAMNAM

Gígjan er nú formlega orðin aðili að SAMNAM. ÁHB mun skrifa fréttatilkynningu um málið til þess að setja á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

6. Tengiliðir kóra

Ákveðið var að stjórnin skipti aðildarkórum Gígunnar á milli sín. Þá myndi hver stjórnarmeðlimur bera ábyrgð á samskiptum við ákveðna kóra og hafa samband við þá a.m.k. 4 sinnum á ári. Skiptingin er eftirfarandi:

Fríða Albertsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur):

- Kyrjurnar
- Sandlóurnar
- Vox feminae
- Kvennakórinn Norðurljós

Sigrún Óskarsdóttir (Kvennakór Hafnafjarðar):

- Kvennakór Reykjavíkur
- Kvennakórinn Seljurnar
- Kyrjukórinn Þorlákshöfn
- Kvennakór Bolungarvíkur

Ásdís Helga Bjarnadóttir (Freyjukórinn Borgarfirði):

- Kvennakórinn Ymur
- Kvennakór Suðurnesja
- Gospelsystur Reykjavíkur
- Jórukórinn

Erna Gísladóttir (Kvennakór Hornafjarðar):

- Freyjukórinn í Borgarfirði
- Kvennakór Garðabæjar
- Kvennakór Hafnafjarðar
- Kvennakórinn Ljósbrá

Heiða Gunnarsdóttir (Gospelsystur Reykjavíkur & Vox feminae):

- Kvennakór Akureyrar
- Kvennakór Hornafjarðar
- Kvennakór Kópavogs

7. Árgjald

Ákveðið að FA sendi út rukkun á alla aðildarkóra í janúar 2006. Málið er í vinnslu.

8. Auglýsingatekjur

Ákveðið að FA sendi reikning á Úrval-útsýn að upphæð kr. 100.000.- fyrir auglýsingu á vefsetri Gíggunnar árið 2005. Málið er í vinnslu.

9. Fréttabréf

Stefnt er að því að senda út fréttabréf á alla aðildarkóra Gíggunnar í ársbyrjun 2006. ÁHB mun gera drög að fréttabréfinu og leggja það fyrir stjórnina. Málið er í vinnslu.

10. Umsókn um aðild

ÁHB greindi frá því að Gíggunni hefði borist umsókn frá Kyrjunum, kvennakór í Reykjavík um aðild að sambandinu. Farið var yfir umsóknina og hún samþykkt einróma. ÁHB mun senda þeim tölvupóst og bjóða þær formlega velkomnar inn í Gígguna. HG mun sjá um að skrifa frétt um málið og setja allar nauðsynlegar upplýsingar um kórinn inn á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

11. Námskeið

Ákveðið hefur verið að standa fyrir námskeiði á vorönn fyrir aðildarkóra Gíggunnar. Stjórnarmenn munu fara í það að safna athugasemdum og hugmyndum að námskeiðum frá stjórnendum og kórkönnum. Málið er í vinnslu.

12. Fjölga aðildarkórum Gíggunnar

Ákveðið hefur verið að senda kynningarbréf um Gígguna til þeirra kennakóra sem eru utan Gíggunnar til þess að bjóða þeim aðild. Bréfið mun einnig innihalda leiðbeiningar um umsókn þ.e. lista yfir þau atriði sem þurfa að fylgja aðildarumsókninni. ÁHB mun skrifa bréfið og leiðbeiningarnar og HG mun útbúa lista yfir alla starfandi kvennakóra landsins. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:20.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.